

Þagnarskylda

Yfirlýsing um að starfsmaður sé meðvitaður um þagnarskyldu sína og muni virða hana.

Lagaskylda

Í 12. gr. laga um grunnskóla stendur:

Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Það skal gæta kurteisni, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks grunnskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal skólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.

Almennt um þagnarskyldu

Þagnarskylda er ekki aðeins skylda skv. lögum, heldur einnig siðferðislega sjálfsgöð. Þagnarskylda er nauðsynleg til að skapa traust milli allra þeirra er að skólanum koma þegar um trúnaðarmál innan stofnunarinnar er að ræða.

Þagnarskyldan krefst þess að gætt sé þagmælsku um atriði sem leynt skulu fara skv. lögum. Sá sem er bundinn þagnarskyldu má aldrei ræða persónubundin málefni einstaklinga við óviðkomendur, né gefa vitneskju um þá í skyn eða vitna til þeirra.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

Brot á þagnarskyldu varðar við lög og getur valdið fyrirvaralausum brottrekstri úr starfi.

Yfirlýsing starfsmanns:

Ég undirrituð/aður hef lesið og skilið ofangreint og heiti því að gæta fullrar þagmælsku um allt það er varðar hagi barna og foreldra þeirra sem ég fæ vitneskju um í starfi mínu við Höfðaskóla og leynt skal fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls.

Skagaströnd,

(undirskrift starfsmanns)

Skólastjóri